

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. nóvember 2022
Málsnúmer: 202210-0026
SS/SKV

Efni: Umsögn um aukningu á framleiðslu hjá Fiskeldi Haukamýri.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 24. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynningu Fiskeldi Haukamýri á aukningu á framleiðslu upp í allt að 850 tonn hámarkslífmassa af laxfiskum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tilkynninguna og meðfylgjandi skjöl og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings, þann 23. Mars 2022, vegna skipulags- og matslýsingar nýs deiliskipulags er varðar stækkun fiskeldissvæðisins í Haukamýri. Í þeirri umsögn kom fram eftirfarandi:

„Svæðið er að stórum hluta raskað vegna núverandi starfsemi og nálægðar við þéttbýli. Þó er gert ráð fyrir að stækkun fiskeldis nái yfir gróið svæði austan við núverandi athafnasvæði sem er samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar að mestu graslendi með votlendisblettum. Að mati Náttúrufræðistofnunar mætti gera betri úttekt á gróðurfari svæðisins og í leiðinni meta hvort svæðið sé nýtt fyrir varp mófugla. Mikilvægt er að forðast óþarfa rask á gróðurlendi. Vestan og sunnan við núverandi athafnasvæði er lúpína ríkjandi. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti að horfa frekar til þess svæðis þegar uppbyggingarreitir eru skilgreindir.

Gera má ráð fyrir að stækkun fiskeldisins muni fela í sér áskoranir fyrir frárennslis- og úrgangsmál. Huga þarf vel að því atriði og meta áhrif á lífríki í viðtaka. Einnig má gera ráð fyrir að fuglar sæki í frárennslis í vaxandi mæli en töluvert er um ásókn fugla í svæðið í dag. Ef þörf er á aðgerðum til að fæla burt fuglalíf skal velja aðgerðir sem ógna ekki fuglunum.”

Þessar ábendingar eiga enn við. Í greinargerð með tilkynningunni kemur fram að ekki hefur verið farið í úttekt á gróðurfari eða fuglalífi svæðisins. Það hefði verið betra að mati Náttúrufræðistofnunar en miðað við eðli svæðisins er líklegt að hvorki gróður né fuglalíf yrði metið með hátt verndargildi og niðurstaða um að áhrif framkvæmdarinnar á þessa tvo umhverfisþætti verði óveruleg ekki ólíkleg.

Stefnt er að mikilli aukningu á framleiðslu og ljóst að magn af úrgangi eykst til muna. Stærsta áskorunin er að tryggja að hreinsun frárennslis gangi eftir. Hingað til hefur engin hreinsun farið fram en mælingar á næringarefnum í frárennslis verið innan viðmiðunarmarka starfsleyfis. Mikilvægt er að svo sé áfram og best væri ef vöktun næði yfir allt áhrifasvæði mengunar sem berst með fráveitu, bæði fjöru næst fiskeldisstöðinni sem og strandsjó norður með Tjörnesi.



Náttúrufræðistofnun telur ágætlega greint frá umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar í greinargerðinni og þótt æskilegt væri að bæta við athugunum á gróðurfari og fuglalífi t.d. fyrir áframhaldandi vinnu á deiliskipulagi er varla þörf á að framkvæma fullt mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

